

Nd.

475. Nefndarállt

um frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin er klofin um málið. Minni hlutinn (M. G. og H. K.) er á móti frumvarpinu og gerir grein fyrir skoðun sinni í sjerstöku áliti, en meiri hlutinn (M. T., Gunn. S. og H. V.) vill ljá málinu stuðning sinn.

Meiri hlutinn er sammála nm, að nauðsyn beri til styrks af hálfu hins opinbera til að bæta húsakynni verkafólksins í kaupstöðum og hefir til samkomulags fallist á breytingartillögur þær við frumvarpið, sem atvinnuáráðherra hefir flutt á þskj. 429. Eru með þeim gerðar allmiklar breytingar á frumvarpinu, og eru þær helstar, að samvinnufjelögum verkamanna er ætlað að koma upp byggingunum, að rikissjóðsstyrkurinn er einungis ætlaður til þess að greiða árlegan vaxtamun, en greiðist ekki í eitt skifti fyrir öll, og að byggingarsjóðir kaupstaðanna eru gerðir sjálfstæðari heldur en eftir frumvarpinu.

Að öðru leyti verður nánari grein gerð fyrir frumvarpinu og breytingartillögunum í framsögu.

Einn nefndarmaður (H. V.) áskilur sjer rjett til að koma með nokkrar breytingartillögur við 3. umræðu málsins.

Alþingi, 30. april 1929.

Gunnar Sigurðsson,  
form.

Hjediinn Valdimarsson,  
frsm. og fundaskr.

Magnús Torfason.

Með fyrirvara.